



22. árg. 1. tbl. 2013. Útgefandi: Ásatrúarfélagið, Siðumúla 15, 108 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Haukur Dór Bragason — vorsidur@asatru.is

Umbrot og prentumsjón: Egill Baldursson

*Gleðilegt sumar!* 

Sumarblótið verður haldið í Öskjuhlíð  
fimmtudaginn 25. apríl.

Safnast verður saman við bautastein Sveinbjörns Beinteinssonar klukkan 15:00 þar sem fram fer stutt helgistund. Að því loknu verður gengið niður að tjaldi sunnan göngustígsins en þar fer sumarahátíðin fram þetta árið.


Að venju verða grillaðar hefðbundnar heiðingjapylsur og sötrað gos og börn yngri en 12 ára fá svolítinn sumarglaðning. Þeir sem vilja gæða sér á kaffi verða að þessu sinni að mæta með það í hitabrúsanum vegna rafmagnsleysis á svæðinu.

Blóttollur er enginn en menn eru vinsamlega beðnir að klæða sig eftir veðri.

Verið öll hjartanlega velkomin og góða skemmtun.

# Á þriðja þúsund heiðingja

1974	12
1990	98
1995	190
1998	280
1999	304
2000	353
2001	515
2002	570
2003	636
2004	787
2005	879
2006	960
2007	1040
2008	1154
2009	1275
2010	1402
2011	1700
2012	1951
2013	2148



Nýlega gaf [Hagstofa Íslands](#) út nýjar tölur um mannfjölda í trúfélögum þann 1. janúar 2013.

Tölurnar staðfesta áframhaldandi vöxt Ásatrúarfélagsins en félögum fjölgaði á liðnu ári úr 1951 í 2148, eða um 197 manns. Þetta er heldur minni fjölgun en tvö síðustu ár en þó sú þriðja mesta í sögu félagsins, eins og sjá má á súluritinu hér að ofan. Þá ber svo við um þessar mundir að félagið er orðið sjötta stærsta trúfélag landsins af þeim 39 sem skráð eru.

Með lagabreytingu, sem samþykkt var í janúar 2013, öðluðust lífsskoðunarfélög rétt til skráningar til jafns við trúfélög. Þegar hefur eitt slíkt boðað umsókn. Með breytingunni fá lífsskoðunarfélög sömu réttindi og skyldur og skráð trúfélög og munu því bætast í hóp trúfélaganna framvegis þegar Hagstofan birtir upplýsingar um mannfjölda eftir trúfélögum.

*Þjarki Karlsson tók saman*

## Fróðleiksmolinn

Sumardagurinn fyrsti, einnig kallaður Yngismeyjardagur, er fyrsti dagur hörpu, sem er fyrstur af sex sumarmánuðum í gamla norræna tímatalinu.



## Mógilsárblótið 2013

Hið árlega Mógilsárblót verður haldið í hinni fögru veröld Skógræktarinnar í Kollafirði laugar-  
daginn 26. maí og hefst klukkan 14:00. Blótið er  
tileinkað gróðri og frjósemi jarðar. Jóhanna  
Harðardóttir, Kjalnesingagoði, helgar blótið  
og síðan verður gengið til hefðbundinnar dag-  
skrár sem er eggjaleit fyrir börnin og síðan  
grillveisla „að hætti hússins“ en skógræktar-  
menn veita okkur aðgang að útigrilli sínu,  
varðeldi og viði, sánukofanum og kaffistof-  
unni. Þá er einnig velkomið að tjalda í rjóðr-  
inu milli trjána og leggja húsbílum og tjald-  
vögnum í stæðið neðan við húsið.

Allir eru velkomnir, goðinn verður með  
slatta af gosi, pylsum og tilheyrandi fyrir  
börnin og kaffi á könnunni fyrir þá full-  
orðnu, en þeir sem vilja eitthvað matar-  
meira á grillið verða að koma með það  
með sér.

Gott er að vera klæddur eftir veðri þótt  
alltaf sé skjól í skóginum og hægt að  
hlaupa inn á kaffistofu ef vill.

Látið sjá ykkur og fjölmennið!

*Jóhanna Harðardóttir*

### **Spurt er:** *Hvers vegna er ásatrú vinsæl núna?*

Þó að ásatrú, eða heiðinn siður eins og margir kjósa oft frekar að kalla hana, hafi legið lengi í dvala, hefur heiðnin lifað góðu lífi í þjóðtrúnni og skáldskap og sem trú á álfa og aðrar huldar verur náttúrunnar.

Ásatrú var bönnuð með lögum hér á landi árið 1000 þó leyfilegt hafi verið að blóta á laun. Það var ekki fyrr en 1874 að trúfrelsi var tryggt með nýrri stjórnarskrá.

Heiðinn siður kallast skemmtilega á við lífsviðhorf nútímamanna þar sem helstu gildi ásatrúar höfðu sterkt til heilbrigðrar skynsemi og sjálfstæðrar hugsunar.

Heimild: [Vefsíða Ásatrúarfélagsins](#)

# Léttum áhyggjum af ættingjum og tryggjum að farið sé að vilja okkar

Margir heiðnir menn mega ekki til þess hugsa að útför þeirra fari fram í kirkju eða sé framkvæmd af prest. Þrátt fyrir þetta hafa fjölmörg dæmi sannað að ættingjar látinna heiðingja hafa látið alla umsjá útfarar þeirra í hendur kirkjunnar.

Í nánast öllum tilvikum hafa goðum Ásatrúarfélagsins verið kunnugar óskir hins látna um að athöfnin færi fram að heiðnum sið en ættingjarnir annað hvort ekki vitað af því eða ákveðið þegar á hólminn er komið að hafa „hefðbundna“ útför þvert á vilja hins látna. Ég vil ekki áfella viðkomandi einstaklinga, þeir standa frammi fyrir erfiðri ákvörðun þegar lítil tími er til umhugsunar og ímyndaður eða raunverulegur þrýstingur á viðkomandi að „gera rétt“. Meðan engin staðfesting á óskum hins látna er til staðar er framkvæmdin alfarið í höndum eftirlifanda sem velur eflaust það sem hann telur best og stundum eftir harða baráttu við sjálfa sig og jafnvel aðra.

Það er heldur ekki auðvelt að vera ættingi í þessari stöðu og standa frammi fyrir hefðum samfélagsins. Það myndi léttja ættingjum mikið að hafa í höndum undirritað plagg þar sem skýrt kemur fram hverjar óskirnar voru og geta fengið aðstoð við að uppfylla þær.

Nú hefur slíkt plagg litið dagsins ljós; svokölluð *Lífslokaskrá* sem einfalt er að útfylla, en þar koma fram óskir um hvernig eigi að bregðast við þegar sá sem hana undirritar yfirgefur Miðgarð. Sigurður Helgi Guðjónsson, lögmaður, var mér innan handar við að fullgera plaggið á lögformlegan hátt. Lífslokaskráin er nú í uppsetningu Grétu Hauksdóttur og verður tilbúin mjög fljótlega.

Sá sem undirritar skrána getur látið votta að hann vilji hafa heiðna athöfn við lífslok og hægt er að taka fram hvar athöfnin skuli fara fram, hvort hún verði í kyrkþey og hvernig eigi að haga ýmsu varðandi hana.

Skráin verður auglýst á vefsíðunni og Facebook-síðunni um leið og hún er tilbúin. Kíkið endilega, fyllið út og bendið öllum á hana. Það er of seint að gera eitt-hvað í málinu þegar prestur er búinn að krossa yfir okkur.

*Jóhanna Harðardóttir  
Kjalnesingagoði*

## ERINDI UM SKÓGRÆKT Á OPNU HÚSI LAUGARDAGINN 11. MAÍ 2013

Gústaf Jarl Viðarsson, skógræðingur, flytur erindi á opnu húsi. Erindið kallast Skógrækt í landi Reykjavíkur og hefst þegar stundarfjórðungur er liðinn af opnu húsi, eða kl. 14:15.

Allir velkomnir.

# Goðdalur í Bjarnarfirði

Þegar ég var drengur fór ég nokkrum sinnum í Goðdal í Bjarnarfirði á Ströndum. Dalur þessi er afar afskekktur og kannski ekki þekktur fyrir mörgum enda liggur aðeins einn vegarslóði inn í dalinn, sem er yfirleitt ófær á veturna nema stórum bílum. Þar standa nú tvö sumarhús í eigu vinafólks míns.

Fljótlega upp úr táningsaldri fór ég að velta fyrir mér sögu dalsins og fannst nafnið einkar áhugavert. Dalurinn er ekki nefndur í neinum fornritum en þau munnmæli hafa gengið manna á milli að fyrr á öldum hafi verið þar hof auk alls kyns vætta og forneskju í Goðdalsgljúfrum. Átti Guðmundur biskup hinn góði að hafa reynt að lægja óreiðu í dalnum á 13. öld en mistekist. Búið var í dalnum fram í desember 1948, þegar 130 metra breitt snjóflóð féll á bæinn og lagði hann í rúst. Sex heimilismenn létust en Jóhann bóndi og dóttir hans fundust á lífi. Hún lést skömmu seinna og Jóhann lifði í nokkur ár en náði sér aldrei til fulls. Eftir standa rústir af gamla bænum sem þó eru afar litlar.

Ingibjörg Sigvaldadóttir, húsfreyja á Svanshóli, minnst þess að faðir hennar, Sigvaldi Guðmundsson, hafi sagt við bóndann sem byggði í Goðdal að hann hefði alls ekki átt að hreyfa við hofrústinni meðan á byggingu bæjarins stóð. Bóndinn í Goðdal harðneitaði síðar að hafa gert það og sagðist aðeins hafa ekið í hana jarðvegi og byggt ofan á.

Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1952 segir Jón Hjaltason:

En Goðdalur hefur fyrr verið vettvangur sorglegra viðburða og slysa. Er með nokkrum hætti sem yfir dalnum hvíli goðagremi, og vilji vættir landsins einir byggja staðinn.

Athyglisvert er hversu mörg örnefni í Bjarnarfirði tengjast heiðnum sið. Ólafur Briem nefnir í bók sinni, *Heiðni á Íslandi*, fjóra fossa sem bera nafnið Goðafoss, þó þeir séu fimm og eru tveir í Bjarnardal, einn í Goðdal en Ólafur nefnir aðeins annan þeirra. Auk þess vísa allnokkur örnefni á þessum stað til hörga.

Minjar hafa fundist víðsvegar um dalinn, þó misgamlar, og er dalurinn vinsæll meðal fornleifafræðinga. Eitt sinn var ég að leika mér í bæjarlæknum og fann þar á botninum lítinn, gamlan, ferkantaðan járnbakka sem líktist öskubakka, með mynd af skegjaðri mannveru og skemmtilegum stíleinkennum ef ég man rétt. Ekki veit ég hversu gamall bakkin er en ég lét hann í fullorðinna manna hendur og meira veit ég ekki um hann. Líklega hefur þetta farið með snjóflóðinu.

Árið 1960 var verið að grafa fyrir sumarbústað á staðnum og fannst þar forn hlautbolli sem gerðar voru réttarmeinarannsóknir á. Kom í ljós að svartar, einkennilegar skánir á steininum voru ævafornar dýrablóðsleifar. Steinninn kom aftur á yfirborðið árið 2002 eftir gleymsku og er nú geymdur á Galdrasafninu á Ströndum.

Augljóst er að þarna hafa verið forn blót. Fræðimenn telja að þarna hafi heiðnir menn komið saman eftir kristnitöku og blótað á laun, jafnvel langt fram eftir öldum. Fundur steinsins styður augljóslega sögusagnir um að þarna hafi staðið hof eða hörgur. Eyrbyggja saga segir frá hofi sem Þorólfur Mostrarskegg reisti:

Þar lét hann reisa hof og var það mikið hús. Voru dyr á hliðveggnum og nær öðrum endanum. Þar fyrir innan stóðu öndvegissúlurnar og voru þar í naglar. Þeir hétu regin-naglar. Þar var allt friðarstaður fyrir innan.

Innar af hofinu var hús í þá líking sem nú er sönghús í kirkjum og stóð þar stalli á miðju gólfinu sem altari og lá þar á hringur einn mótlaus, tvítugeyringur, og skyldi þar að sverja eða alla.

Þann hring skyldi hofgoði hafa á hendi sér til allra mannfunda.

Á stallanum skyldi og standa hlautbólli og þar í hlautteinn sem stökkull væri og skyldi þar stökkva með úr bollanum blóði því, er hlaut var kallað. Það var þess konar blóð, er svæfð voru þau kvikindi, er goðunum var fórnað. Umhverfis stallann var goðun-um skipað í afhúsinu.



Þar hefur steinninn líklega gegnt hlutverki hlautbollans. Sagt er að við hofið væri haugur sem fornmaðurinn Goði liggur í og álagablettir sem skepnum var aldrei beitt á og voru aldrei slegnir. Heimildir segja síðan að hofgoðinn hafi einnig varpað goðalíkneskjum í Goðafoss eftir að hann tók kristni, þó sögunni gæti hafa verið ruglað við Þorgeir Ljósvetningagoða. Vissulega grunar mönnum að þessi frásögn sé ansi einhliða.

*Kári Pálsson*

## AUSTURLANDSGOÐORÐ

Ásatrúarmenn blóta sumardaginn fyrsta við Blöndalsbúð í Eyjólfsstaðaskógi og hefst blótið kl. 14:00.

Blöndalsbúð verður opnuð kl. 11:30. Heitt verður á könnunni og geta menn tekið með sér nesti.

Allir eru hjartanlega velkomnir. Eftir blót er hægt að fara í gönguferðir, leiki, eða bara spjalla.

Nánari upplýsingar veitir Baldur í síma 861 2164.

*Austurlandsgoði*

## Skógræktarferð í Heiðmörk laugardaginn 18. maí

Gróðursett verður í Baldurslund, reit félagsins ofan við Þingnesið. Hittumst við hliðið að Elliðaár-  
bænum kl. 13:30.

Óþarft verður að taka með sér  
nesti því Ásatrúarfélagið býður  
þátttakendum upp á kaffi og kökur  
á staðnum.



## Frá Suðurlandsgoða

Leshópur kemur saman mánaðarlega á kaffihúsi í Hveragerði, les Völuspá og ræðir málin. Það er engin krafa að hafa mætt áður svo áhugasamir eru hvattir til að bætast í hópinn. Auglýst er í hvert skipti fyrir sig, bæði á heimasíðu okkar, [asatru.is](http://asatru.is), og á Facebook-síðunni, [facebook.com/asatruarfelagid](https://facebook.com/asatruarfelagid).

Í júní er stefnt að blóti við Ingólfsskála líkt og í fyrra. Fjölmennum endilega þangað! Rétt eins og með leshópsstundimar verður blótið auglýst þegar nær dregur á áðurnefndum vefsíðum.

Enn sem áður bið ég fólk á Suðurlandi, utan höfuðborgarsvæðisins, að láta heyra í sér ef ég get orðið því að liði í félagsstarfi og blóthaldi. Netfangið mitt er [haukur@asatru.is](mailto:haukur@asatru.is).

*Haukur Dór Bragason*

## Frá lögsögumanni

Vor síður er dálíttill vorsíður. Náttúran er farin að taka við sér og birta fyrstu merki um að gróður sé að vakna úr dvala. Við fögnum frjósemi jarðar og gleðjumst yfir hækkandi sólu. Í vetur hafa hlutirnir gengið sinn vanagang í félaginu og lögrétta hefur fundað reglulega. Allsherjagoði hefur staðið fyrir „Þrjúbíói“ annan hvern sunnudag í nokkrar vikur og hafa þær sýningar mælst vel fyrir. Opín hús hafa verið á hverjum laugardegi og nokkrir fyrirlestrar hafa verið haldnir með efni af ýmsum toga. Leshópurinn hefur komið saman flest miðvikudagskvöld kl. 20 og oft er glatt á hjalla.

Vefsetur okkar asatru.is varð fyrir fólkskulegri árás raf-barbara og lá niðri um skeið. Árásin var möguleg vegna öryggishölu í umsjónarkerfi vefsins sem í ofanálag hafði reynst þunglamalegt. Því varð úr að Bjarki Karlsson, ritari lögréttu, forritaði nýtt kerfi og hefur það þegar verið tekið í notkun. Öll umsýsla á bak við vefinn er gjörbreytt og uppfærslur auðveldari. Útlitshönnun er hins vegar hin sama í meginatriðum þannig að notendur verða helst varir við breytingarnar í formi aukins upplýsingaflæðis. Þó má nefna að nú er hægt að lesa [Vorn síð](#) á vefnum án þess að hlaða niður þungum PDF-skjölum.

Árlegt jólablót var haldið í Versölum við Hallveigarstíg. Þar var margt um manninn og góður rómur gerður að mat og skemmtiatriðum. Ingó töframaður lék listir sínar og farið var með kveðskap svo að eitthvað sé nefnt.

Árlegt þorrablót var einnig haldið í Versölum á bóndadag. Fjölmenni var og góð stemming. Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði, flutti minni karla og Haukur Dór Bragason, Lundarmannagoði, fór með minni kvenna. Við fengum sekkjapípuleikara í heimsókn sem lék blöndu af rímnalögum og skoskum lögum. Hljómsveitin Ojba Rasta lék svo fyrir gesti við mikinn fögnuð og Steindór Andersen hefur sjaldan verið betri en þetta kvöld.

Nokkrir hafa komið að máli við mig og spurt mig hvað hofbyggingu Ásatrúarfélagsins líði. Því er til að svara að byggingarnefnd kom á fund lögréttu nýverið og skýrði frá stöðu mála varðandi hofbygginguna. Verið er að leggja lokahönd á öll mál gagnvart yfirvöldum og hnýta lausa enda í undirbúningsferlinu. Það má því búast við fréttum af hofbyggingunni á næstu vikum ef allt gengur að óskum og munum við koma þeim áleiðis á vefsíðunni og á Facebook-síðunni.

Að vanda vil ég endilega hvetja þá sem hafa áhuga á að aðstoða okkur við opnu húsin á laugardögum eða vera með í framkvæmd blóta að hafa samband við mig á netfangið logsogumadur@asatru.is.

Að lokum minni ég á opnu húsin sem eru á laugardögum frá 14–16 að Síðumúla 15. Kaffi og gosdrykkir eru á borðum ásamt gómsætu meðlæti í boði félagsins. Við hvetjum fólk til að taka með sér gesti á opnu húsin. Upplýsingar um uppákomur, blót og annað má finna á asatru.is og á Facebook-síðunni. Símatíminn er sá sami og verið hefur á týsdögum og þórsdögum milli klukkan 14 og 16. Síminn er 561 8633. Enn fremur er hægt að senda póst á netfangið asatru@asatru.is.

*Hallur Guðmundsson  
lögsögumaður*